

**Nd.**

**98. Frumvarp til laga**

[90. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

4. töluliður 2. gr. laganna hljóði svo:

Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.

6. töluliður sömu gr. hljóði svo:

Barðastrandarumdæmi: Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýsla.

7. töluliður sömu gr. hljóði svo:

Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við setningu nógildandi laga er ljóst, að ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til landfræðilegra aðstæðna varðandi skiptingu landsins í dýralæknaumdæmi.

Í sumum umdæmum voru þá ekki starfandi dýralæknar. Svo var t. d. í Patreksfjarðarumdæmi, en þar hóf dýralæknir störf á þessu ári. Patreksfjarðarumdæmi nær samkvæmt gildandi lögum allt norður til Öndarfjarðar, en ljóst er, að mun greiðari samgöngur liggja frá Ísafirði til syðri hluta Vestur-Ísafjarðarsýslu en frá Patreksfirði.

Á sama hátt eru mun greiðari samgöngur frá Stykkishólmi til Flateyjarhrepps en frá Patreksfirði.

Rétt þykir því að lögfesta nýja umdæmaskiptingu fyrir þetta svæði og er frumvarp þetta flutt að ósk forráðamanna á viðkomandi svæðum.